



FUNDARGERÐ 481. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 6. júní 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:38. Fundurinn er staðfundur að Suðurhrauni 10, 210 Garðabæ, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, og Valdimar Víðisson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Ragnhildur Jónsdóttir í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur.

Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækir staðfund. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Málafni endurvinnslustöðvar í Kópavogi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu leitar að staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg í Kópavogi og fer aftur yfir niðurstöðu starfshópsins sem kynnt var á stjórnarfundum 11. apríl sl., og þau viðbrögð sem urðu við tillögu starfshópsins.

Umræður voru um málið í kjölfarið.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi: „Tillögunni var hafnað í bæjarráði Kópavogs og því ljóst að endurvinnslustöð verður ekki reist við Arnarnesveg eins og lagt var til í skýrslunni.

Stjórn kallar því eftir komið verði á fót nýjum starfshópi til að finna nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð til að taka við af Dalvegi hið fyrsta. Stjórn leggur til að hópurinn verði skipaður pólitískt kjörnum fulltrúa frá Garðabæ og Kópavogi, sem og fulltrúa SORPU, og starfi undir verkstjórn utanaðkomandi sérfróðs verkefnastjóra.“

2. Breytingar á gjaldskrá í samræmi við vísitölubreytingar

Ragnhildur Jónsdóttir vikur af fundi klukkan 09:00.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir breytingum á gjaldskrá SORPU sem skulu taka gildi 1. júlí nk. í takt við vísitölubreytingar. Gjaldskrá SORPU hækkar öll um 5,83%.

Stjórn SORPU samþykkir gjaldskrárbreytinguna.



3. Eigendasamkomulag um áframhaldandi takmarkaða notkun á Álfsnesi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu viðræðna um eigendasamkomulag um áframhaldandi takmarkaða notkun á urðunarstað í Álfsnesi.

4. Mögulegar leiðir í bættri endurvinnslu á Tetra Pak umbúðum – minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu endurvinnslu á Tetra Pak umbúðum og þeirri staðreynd að ekki sé hægt að endurvinna þær í endurvinnsluferlum Smurfit Kappa, endurvinnsluaðila SORPU í Hollandi á pappír.

Stjórn SORPU þykir miður að ekki hafa fyrr legið fyrir upplýsingar um að ekki sé með neinu móti hægt að endurvinna Tetra Pak umbúðir í þeim endurvinnsluferlum sem pappír frá SORPU fer í hjá fyrirtækinu Smurfit Kappa í Hollandi.

Mikilvægt er að íbúar höfuðborgarsvæðisins geti treyst því að úrgangur fari í eins góðan farveg og í boði er hverju sinni og að upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja sé eins og best verður á kosið, til dæmis um hvað fari til endurvinnslu, hvað fari til endurnýtingar og muninum á þessum tveimur valkostum við meðhöndlun úrgangs.

Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að gera þær breytingar sem þörf er á hjá Stena Recycling, móttökuaðila SORPU í Svíþjóð, þannig að Tetra Pak umbúðir verði flokkaðar frá öðrum pappír og pappa frá SORPU og þeim komið í betri farveg en nú er.

5. Önnur mál

Guðfinnur vekur athygli á góðum árangri af þátttöku Góða hirðisins í Jazzhátíð Garðabæjar í nýliðnum mánuði. Kynning á starfsemi Góða hirðisins vakti mikla lukku og seldust um 85% þeirra muna sem boðnir voru til sölu á hátíðinni. Stefnt er að því að halda samstarfinu áfram að ári.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður föstudaginn 16. júní 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:50.

Nr.	Lýsing	Verð	hækkun	Nýtt verð	Nýtt verð m/vsk
URÐUN					
1210119950	Baggaður úrg. í urðun	20,67	1,21	21,88	27,13
1210202950	Véltækur úrg. - Matvæli í umbúðum í urð.	20,67	1,21	21,88	27,13
1210208950	Véltækur úrg. - Málningarúrg. í urðun	20,67	1,21	21,88	27,13
1210310500	Steinefni-frá framl. byggingarefna	4,40	0,26	4,66	5,77
1210315500	Glerumbúðir og glerilát	4,40	0,26	4,66	5,77
1210316500	Bílrúður	4,40	0,26	4,66	5,77
1210317500	Steinefni-frá framkvæmdum	4,40	0,26	4,66	5,77
1210319500	Steinefni-frá sorpmeðhöndlunarst.	4,40	0,26	4,66	5,77
1210320500	Steinefni-frá söfnun sveitarf.	4,40	0,26	4,66	5,77
1210417510	Litað timbur - frá framkvæmdum og niður	18,50	1,08	19,58	24,28
1210417520	Litað timbur - frá framkvæmdum og niður	18,50	1,08	19,58	24,28
1210420510	Litað timbur - frá söfnun sveitarfélaga í yfi	18,50	1,08	19,58	24,28
1210420520	Litað timbur - frá söfnun sveitarfélaga	18,50	1,08	19,58	24,28
1210720300	Trjágreinar	9,26	0,54	9,80	12,15
1210720400	Trjágreinar	9,26	0,54	9,80	12,15
1210920300	Garðaúrgangur	9,26	0,54	9,80	12,15
1210920400	Garðaúrgangur	9,26	0,54	9,80	12,15
1211102950	Hæsnaskítur í urðun	9,26	0,54	9,80	12,15
1211302950	Svínaskítur í urðun	9,26	0,54	9,80	12,15
1211402400	Hrossatað	9,26	0,54	9,80	12,15
1211402510	Hrossatað	9,26	0,54	9,80	12,15
1211519520	Lituð timburflís 90% <180mm að hámarki	9,26	0,54	9,80	12,15
1211602460	Lýsishrat	31,29	1,82	33,11	41,06
1211602950	Lýsishrat í urðun	31,29	1,82	33,11	41,06
1211717510	Jarðvegur og uppgröftur	10,19	0,59	10,78	13,37
1211902950	Dýrahæ - frá landb. í urðun	31,29	1,82	33,11	41,06
1211920950	Dýrahæ - frá dýralæknum/einst. í urðun	31,29	1,82	33,11	41,06
1212202950	Gúmmiúrg. -frá netagerðum/útgerðum í u	20,67	1,21	21,88	27,13
1212217950	Gúmmiúrg. -frá byggingum/niðurrifi í urðu	20,67	1,21	21,88	27,13
1212302950	Fiskiúrg. í urðun	31,29	1,82	33,11	41,06
1212402210	Sláturúrg. 2.Áh.fl. frá landb. til orkugerðar	31,29	1,82	33,11	41,06
1212402950	Sláturúrg.-2. áh.fl. í urðun	31,29	1,82	33,11	41,06
1212502950	Sláturúrg.-3. áh.fl.-frá landb./matvælaiðn.	31,29	1,82	33,11	41,06
1212817510	Mengaður uppgröftur	11,51	0,67	12,18	15,10
1212916510	Tróð úr niðurrifi ökutækja	8,82	0,51	9,34	11,58
1213003950	Sag frá timburv./framl. á viðarp./húsg. í u	20,67	1,21	21,88	27,13
1213017950	Óbagganlegur úrg. -úr bygginganiðurrifi í u	20,67	1,21	21,88	27,13
1213019950	Óbagganlegur úrg. -frá sorpmeðhöndluna	20,67	1,21	21,88	27,13
1213102460	Ölgerðarhrat	20,67	1,21	21,88	27,13
1213102950	Ölgerðarhrat í urðun	20,67	1,21	21,88	27,13
1213219950	Þveginn ristarúrgangur-frá sorpmeðhöndl	20,67	1,21	21,88	27,13
1213320950	Ólífrænn dælanlegur úrgangur >20% þe. í	20,67	1,21	21,88	27,13
1213517950	Asbest í urðun	20,67	1,21	21,88	27,13
1213617500	Gifs og gifs plötur	4,40	0,26	4,66	5,77

1213620500	Gifs og gifsplötur frá söfn.sveitarf.	4,40	0,26	4,66	5,77
1213717950	Ásóttur úrgangur í urðun	20,67	1,21	21,88	27,13
1213802210	Sláturúrg. 3.Áh.fl. frá landb. til orkugerðar	31,29	1,82	33,11	41,06
1213802950	Sláturúrg.-3. áh.fl.-frá landb./matvælaiðn.	31,29	1,82	33,11	41,06
1213919510	Aska	10,19	0,59	10,78	13,37
1214002950	Fita - frá landb./fiskv./matv.	31,29	1,82	33,11	41,06
1214019360	***Fita- frá skólphreinsist.-Lífdísill	29,80	1,74	31,54	39,11
1214019950	Fita - frá skólphreinsist. - í urðun	31,29	1,82	33,11	41,06
1214102950	Fituríkur sláturúrgangur frá landb./matv. í	31,29	1,82	33,11	41,06
1214202460	Fiður	31,29	1,82	33,11	41,06
1214319950	Úrgangur frá sorpmeðhöndlunarstöðvum-	20,67	1,21	21,88	27,13
1214420510	Uppsóp frá götuhreinsun	10,19	0,59	10,78	13,37
1216002950	Net, troll og kaðlar í urðun	20,67	1,21	21,88	27,13
1218719510	Ósigtuð molta í yfirlag	5,43	0,32	5,75	7,13

GAJA

1230302350	Lífrænn dælanlegur heimilisúrg.frá rekstri	19,96	1,16	21,12	26,19
1230702350	Matvæli í umbúðum frá landb./fiskv./mat	38,40	2,24	40,64	50,39
1230719350	Matvæli í umbúðum frá sorpmeðhöndlun	38,40	2,24	40,64	50,39
1230720350	Matvæli í umbúðum	38,40	2,24	40,64	50,39
1232019350	Forunninn lífrænn úrgangur	33,17	1,93	35,10	43,53
1232102350	Fóður, mjöl og hveiti	38,40	2,24	40,64	50,39
1232202350	Deig	38,40	2,24	40,64	50,39
1238619350	Sérsafnaður lífrænn heimilisúrg./skyldur ú	23,14	1,35	24,49	30,37
1238620350	Sérsafnaður lífrænn heimilisúrgangur	23,14	1,35	24,49	30,37

BOLAÖLDUR

1241717500	Landmótun í Bolaöldu	5.000,00	291,50	5.322,58	6.600,00
------------	----------------------	----------	--------	-----------------	-----------------

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

1400117210	Pressanlegur úrg. af byggingarsvæðum	46,52	2,71	49,24	61,05
1400120210	Pressanlegur úrgangur frá daglegum rekst	46,52	2,71	49,24	61,05
1400315210	Kapalkefli	27,34	1,59	28,93	35,88
1400403210	Ómálað timbur -ekki málað/plasthúðað-fr	19,36	1,13	20,49	25,41
1400415210	Vörubrettir, kassar o.þ.h.	19,36	1,13	20,49	25,41
1400417210	Ómálað timbur -ekki málað/plasthúðað fr	19,36	1,13	20,49	25,41
1400420210	Ómálað timbur -ekki málað/plasthúðað-si	19,36	1,13	20,49	25,41
1400503210	Málað timbur -málað/plasthúðað frá timb	23,43	1,37	24,80	30,75
1400517210	Málað timbur -málað/plasth.-frá byggingu	23,43	1,37	24,80	30,75
1400519210	Lituð timburflís 90%<400mm	23,43	1,37	24,80	30,75
1400520210	Málað timbur -málað/plasth.-frá söfn.svei	23,43	1,37	24,80	30,75
1400620910	Gras og hey	22,88	1,33	24,21	30,03
1400720910	Trjágreinar	21,95	1,28	23,22	28,80
1400802210	Lífrænn úrgangur frá landb./matv.	37,70	2,20	39,90	49,48
1400820210	Sérsafnaður lífrænn heimilisúrg./skyldur ú	37,70	2,20	39,90	49,48
1400920910	Garðaúrg.	22,23	1,30	23,52	29,17
1401015210	Filmuplast -ólitað/óáprentað	20,16	1,18	21,34	26,46
1401320210	Plast sem ekki ber úrvinnslugjald	80,65	4,70	85,35	105,84
1401520210	Afskurður - bylgjupappi	23,00	1,34	24,34	30,18

1401602210	Fiskikör	46,52	2,71	49,24	61,05
1401617210	Grófur úrg. frá framkvæmdum	46,52	2,71	49,24	61,05
1401620210	Grófur úrg. - Bólstruð húsgögn,dýnur o.p.l	46,52	2,71	49,24	61,05
1401820210	Skrifstofupappír og hvítur afskurður	23,00	1,34	24,34	30,18
1401920210	Blanda af pappír og umb. úr sléttum papp	5,00	0,29	5,29	6,56
1402015210	Filmuplast -litað/áprentað	20,16	1,18	21,34	26,46
1402115210	Umbúðir úr hörðu plasti	12,10	0,71	12,81	15,88
1402220210	Dagblöð og tímarit	23,00	1,34	24,34	30,18
1402320210	Afskurður - sléttur pappi	23,00	1,34	24,34	30,18
1402416210	Bækur	25,00	1,46	26,46	32,81
1402617910	Jarðvegur og uppgröftur	6,96	0,41	7,37	9,13
1402820210	Bl. plastumb. og plasts án úrv.gjalds (>20%	40,32	2,35	42,67	52,91
1403017210	Óflokkaður úrgangur frá framkvæmdum	61,36	3,58	64,93	80,52
1403020210	Óflokkaður úrg.	61,36	3,58	64,93	80,52
1403117210	Yleiningar	84,11	4,90	89,01	110,37
1403202210	Matvæli í umbúðum	52,54	3,06	55,60	68,94
1403220210	Almennur heimilisúrg.skyldur úrg frá rekst	46,28	2,70	48,98	60,74

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

1500117910	Pressanlegur úrgangur frá framkvæmdum	10.322,58	601,81	10.967,74	13.600,00
1500120910	Pressanlegur úrgangur frá daglegum rekst	10.322,58	601,81	10.967,74	13.600,00
1500217910	Grófur úrg. frá framkvæmdum	10.322,58	601,81	10.967,74	13.600,00
1500220910	Grófur úrgangur frá heimilum	10.322,58	601,81	10.967,74	13.600,00
1500317910	Steinefni frá framkvæmdum	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500320910	Steinefni frá framkvæmdum	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500417910	Ómálað timbur-vörubretti,kassar o.fl	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500420910	Ómálað timbur-húsgögn o.þ.h.	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500517910	Timbur-ljósmálað/plasthúðað frá framkv.	10.322,58	601,81	10.967,74	13.600,00
1500520910	Málað timbur	10.322,58	601,81	10.967,74	13.600,00
1500617400	Gras	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500620400	Gras	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500717400	Trjágreinar	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500720400	Trjágreinar	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500817400	Hey frá dýrahaldi	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500820400	Hey frá dýrahaldi	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500917400	Garðaúrgangur	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1500920400	Garðaúrgangur	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501017510	Jarðvegur	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501020510	Jarðvegur	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501117910	Pappi og pappír	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501120910	Blanda af pappír og umb. úr sl.pappa og b	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501217910	Plastumbúðir og annað plast	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501220910	Plastumbúðir og annað plast	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501317910	Gifs og gifsplötur frá framkvæmdum	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1501320950	Gifs og gifsplötur frá framkvæmdum	7.096,78	413,74	7.419,35	9.200,00
1508820910	Pressanlegur úrgangur frá framkvæmdum	10.322,58	601,81	10.967,74	13.600,00

SELT ÚT, ÁLAGS- OG LÁGMARKSGJALD

2210219100	Moltublanda	4,93	0,29	5,21	6,46
2230419210	Lífgas frá GAJA	50,00	2,92	52,92	65,61
9216100240	Álagsgjald Urðun	42.889,52	2.500,46	45.389,52	56.283,00
9404700240	Böggun endurvinnslufna	21,37	1,25	22,62	28,04
9404800240	Gjald v. innvigtunar í móttöku-og flokkuna	4.482,26	261,32	4.743,55	5.882,00
9500001240	Glærir plastpokar	1.209,68	70,52	1.209,68	1.500,00
9506301240	Álagsgjald- Svartur ruslapoki	403,23	23,51	403,23	500,00
ÁLAGSGJALD	Álagsgjald v. innvigtunar í móttöku- og flo	650,00	37,90	650,00	806,00
LAGMARK	Lágmarksgjald v. innvigtunar í móttök- og	9.204,03	536,59	9.740,32	12.078,00
LAGMARKAL	Lágmarksgjald v. innvigtunar í urðunarstað	3.379,03	197,00	3.575,00	4.433,00



Til: Jóns Viggó Gunnarssonar
Frá: Gunnari Dofra Ólafssyni og Torfa Jóhannssyni
Efni: Meðhöndlun Tetra Pak umbúða

1. júní 2023

Meðhöndlun Tetra Pak umbúða

SORPA vinnur að stöðugum umbótum í sínum störfum til að ná sem bestum árangri fyrir hönd eigenda sinna á sviði úrgangsmála, endurvinnslu, umhverfismála og sjálfbærni á eins hagkvæman hátt og hægt er.

Undanfarið hefur SORPA tekið til skoðunar meðhöndlun á Tetra Pak umbúðum á borð við mjólkurfurnur, djúsfurnur og aðrar pappírstrykkjarumbúðir. Tetra Pak umbúðir eru í eðli sínu erfiðar til endurvinnslu. Umbúðirnar eru samsettar úr að minnsta kosti pappír, plasti, vaxi og í sumum tilvikum áli og því erfitt um vik að endurvinna þær.

Tetra Pak umbúðum hefur um árabíl verið safnað með pappír við heimili á starfssvæði SORPU, og á grenndarstöðvum í landi höfuðborgarsvæðisins. Áætlað heildarmagn flokkaðs pappírs sem SORPA tekur á móti ár hvert er um 10.000 tonn. Þar af eru Tetra Pak umbúðir um 4-7%, sem jafngildir á bilinu 400 til 700 tonnum.

Í tilefni þess að sérsöfnun á pappírsumbúðum hefst nú við heimili telur SORPA rétt að kanna hvort sú flokkun á Tetra Pak umbúðum með öðrum pappír falli að ofangreindum áherslum SORPU á umhverfismál og hagkvæmni.

SORPA hefur til skoðunar hvort og þá hvernig væri hægt að ná fram herra endurvinnsluhlutfalli á Tetra Pak umbúðum en nú er. Núverandi farvegur Tetra Pak umbúða er til Hollands í óaðskildu samfloti með öðrum pappír, þar sem þær eru endurunnar eins og kostur er hjá Smurfit Kappa, sem berst til fyrirtækisins frá Stena, sem er móttökuaðili pappírs frá SORPU.

Vitað er að ekki næst að fullendurvinna Tetra Pak umbúðir í því ferli sem Smurfit Kappa býður upp á og fara því einhverjar pappírstrefjar, sem hægt væri að endurvinnna í betra endurvinnsluferli, forgörðum í þeirri vinnslu.

Af þessu tilefni hafa sérfræðingar SORPU því teiknað upp fimm eftirfarandi sviðsmyndir um hvernig megi bæta endurvinnslu á Tetra Pak umbúðum.

- 1. Óbreytt ástand.** Í þessari sviðsmynd verða Tetra Pak umbúðir frá SORPU áfram sendar með öðrum pappír til Smurfit Kappa, eða annars þar til bærs móttökuaðila, sem getur endurunnið hluta af pappírstrefjunum úr umbúðunum. Önnur hráefni umbúðanna, svo sem plast og vax, er sent í brennslu til orkuvinnslu.
 - a. Engin kostnaðaraukning hlýst af því að fara áfram sömu leið.
 - b. Enginn aukinn árangur verður af endurvinnslu af Tetra Pak umbúðum.



2. **Kalla eftir sérstakri flokkun hjá samstarfsaðila.** SORPU stendur til boða hjá núverandi móttökuaðila pappírs, Stena Recycling, að flokka allan þann blandaða pappírsstraum sem SORPA sendir til fyrirtækisins, og flokka úr honum meðal annars Tetra Pak umbúðir.
 - a. Áætluð kostnaðaraukning við þessa flokkun erlendis er um 75 milljónir króna, sem leggjast á allan þann blandaða pappír sem SORPA tekur á móti.
 - i. SORPA myndi gera kröfu um hærri endurgreiðslu frá Úrvinnslusjóði verði þessi leið farin
 - b. Aukinn árangur myndi nást í endurvinnslu á hvort tveggja Tetra Pak umbúðum og öðrum pappír.
 - c. Þessa flokkun væri hægt að hefja vikum eftir að ákveðið væri að fara þessa leið.
3. **Setja upp sérstaka flokkun í móttöku- og flokkunarstöð SORPU.** Þessi breyting væri sambærileg sviðsmynd 2. Í stað þess að senda blandaðan straum pappírs til móttökuaðila erlendis færi flokkunin fram í Gufunesi.
 - a. Áætlaður kostnaður er líklega sambærilegur og við flokkun erlendis.
 - b. Áætlaður árangur er líklega sambærilegur og við flokkun erlendis
 - c. Ljóst er að lengri tíma, að minnsta kosti 12 mánuði, tæki að setja upp þessa flokkun í móttöku- og flokkunarstöð frá því að ákveðið væri að fara þessa leið.
 - d. Einnig væri mögulegt að bjóða út allan pappírsstraum sem berst til SORPU innanlands.
4. **Setja Skilagjald á Tetra Pak umbúðir eins og aðrar drykkjarumbúðir.** Fjórdá sviðsmyndin er að setja skilagjald á Tetra Pak umbúðir og færa móttöku á þeim til Endurvinnslunnar hf. Þessar hugmyndir hafa ekki verið viðraðar við forsvarsmenn Endurvinnslunnar.
 - a. Ekki er hægt að áætla kostnað við breytinguna á þessu stigi
 - b. Gera má ráð fyrir að árangur af endurvinnslu yrði sambærilegur og í sviðsmyndum 2 og 3 og að endurheimt Tetra Pak umbúða myndi aukast
5. **Setja upp sérsöfnun á Tetra Pak hjá heimilum.** Fimmta sviðsmyndin væri að bæta við fimmta úrgangsflokki við heimili. Ekki er talið líklegt að það myndi samræmast hringrásarlögunum að safna Tetra Pak umbúðum á grenndarstöðvum þar sem lögin gera kröfu um söfnun á pappír og plasti við húsvegg.
 - a. Ekki liggur fyrir áætlaður kostnaður við þessa sviðsmynd, en gera má ráð fyrir að hann yrði nokkuð verulegur. Þá þarf einnig að taka inn í myndina að nú er yfirstandandi breyting á söfnun úrgangs við heimili og því ekki líklegt til árangurs að gera breytingar á því kerfi meðan á innleiðingu þess stendur, eða á árunum strax í kjölfar innleiðingar
 - b. Gera má ráð fyrir að árangur af endurvinnslu yrði sambærilegur og í sviðsmyndum 2 og 3 og að endurheimt Tetra Pak umbúða myndi aukast

Sviðsmyndir aðrar en sviðsmynd 2 hafa ekki verið kostnaðarmetnar og sviðsmynd 2 hefur aðeins verið kostnaðarmetin gróflega og ekki gerð lífsferilsgreining á neinum þeirra.

Minnisblað þetta er lagt fram til framkvæmdastjóra til glöggvunar á þeim valmöguleikum sem í boði eru til að bæta meðhöndlun á Tetra Pak umbúðum.